



Aukning á skráðu atvinnuleysi, en annars jákvæðar tölur af vinnumarkaði

Stöðug aukning starfandi fólks

Samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar er áætlað að 201.600 manns hafi verið á vinnumarkaði í desember 2018, sem jafngildir 79,6% atvinnuþátttöku. Af þeim voru um 199.000 starfandi og 2.800 atvinnulausir. Atvinnuleysi var því 1,4% af mannafla og mun minna en mánuðina tvo á undan. Starfandi fólk var rúmlega 3 þúsund fleira nú í desember en í desember 2017. Sé litið á 12 mánaða hlaupandi meðaltal er enn nokkuð stöðug aukning á starfandi fólki. Á þann mælikvarða voru um 4.500 fleiri starfandi í desember 2018 en í desember 2017.

Atvinnuþátttaka hefur minnkað töluvert

Atvinnuþátttaka í desember var 79,6%, en var 81,7% í desember 2017, þannig að atvinnuþátttaka dróst saman um 2,1 prósentustig milli ára.




Sé litið á 12 mánaða meðaltal dróst atvinnuþátttaka saman um eitt prósentustig frá desember 2017 til sama tíma 2018. Á þennan mælikvarða er atvinnuþátttaka nú svipuð og var í upphafi ársins 2015, en hún tók að aukast mikið upp úr því.

Vinnutími lengist

Vikulegar vinnustundir voru að jafnaði 38 í desember og hafði fækkað um 0,3 á einu ári. Sé miðað við 12 mánaða meðaltal var vinnutíminn í desember sá sami og var í desember 2017 og hefur hann verið mjög stöðugur á þann mælikvarða allt þetta ár.

Enn aukning á vinnuaflsnotkun

Séu breytingar á fjölda starfandi og vikulegum vinnutíma teknar saman jókst vinnuaflsnotkun nær samfellt á árinu 2018. Aukningin milli ára var mikil frá ágúst til nóvember, en nokkuð minni í desember. Þessi aukning á vinnuaflsnotkun eða fjölda unninna vinnustunda er jafnan talin merki um gott gengi í hagkerfinu. Sé litið á breytinguna milli





desembermánaða 2017 og 2018 jókst vinnuafslnotkun um 0,9%. Fjöldi starfandi jókst um 1,6% milli ára, en vinnustundum fækkaði um 0,8%.

Skráð atvinnuleysi þokast upp á við


Sé litið á 12 mánaða hlaupandi meðaltal hefur atvinnuleysi samkvæmt mælingum Hagstofunnar verið nokkuð stöðugt í næstum tvö ár. Sama má segja um tölur Vinnuálastofnunar um skráð atvinnuleysi. Meðalatvinnuleysi á mælikvarða Hagstofunnar var 2,7% á árinu 2018 á móti 2,8% á árinu 2007. Meðaltal skráðs atvinnuleysis var 2,2% 2017 og 2,3% 2018. Almenn er búist við því að atvinnuleysi hafi náð lágmarki eftir mikla lækkun fram til ársins 2017.

Skráð atvinnuleysi hefur aukist nokkuð á síðustu mánuðum og var 2,7% í desember, en var 2,3% í september og hefur ekki verið hærra síðan vorið 2016.


Traustur vinnumarkaður

Nær allir kjarasamningar á almenna markaðnum eru lausir nú um stundir og flestir kjarasamningar á opinbera markaðnum renna út í lok febrúar. Vinna við gerð kjarasamninga er í fullum gangi en ekki er útséð með niðurstöðu. Almenn er þó talið að niðurstöður átakshóps um aukið framboð á íbúðum muni hafa jákvæð áhrif á viðræður á almenna markaðnum. Þrátt fyrir að tölur um skráð atvinnuleysi hafi þokast dálítið upp á við vísa flestar aðrar tölur um vinnumarkaðinn í þá átt að allt sé í góðum gangi. Þó því sé spáð að hagvöxtur fari eitthvað minnkandi á næstu misserum virðist vinnumarkaðurinn ekki vera að gefa mikið eftir.

Atvinna og vinnutími - 12 mánaða breytingar



Atvinnuleysi skv. mælingum Hagstofu og Vinnuálastofnunar



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.